

Bakkavör Group – Hluthafafundur 26. mars 2010



Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður
Ágúst Guðmundsson, forstjóri

DAGSKRÁ HLUTHAFAFUNDAR

1. Kynning á nauðasamningi sem félagið hefur gert við kröfuhafa sína
2. Tillaga um að breyta félaginu í einkahlutafélag og afskrá félagið í kjölfarið af Nasdaq OMX Iceland
3. Tillaga um að taka upp nýjar samþykktir fyrir félagið
4. Tillaga um starfskjarastefnu
5. Önnur mál

Bakkavör Group – Hluthafafundur 26. mars 2010



Ágúst Guðmundsson, forstjóri

AÐDRAGANDI NAUÐASAMNINGS

// Erfiðar ytri aðstæður

- Hrun íslensku bankanna
 - 150 milljóna punda innistæða föst í Kaupþingi
- Efnahagslægð um allan heim
 - Aðgengi að fjármagni takmarkað
- Krefjandi rekstrarumhverfi
 - Minnkandi eftirspurn
 - Hækkandi hráefnisverð

// Áhrif á félagið


- Neikvæð áhrif á rekstur félagsins, sjóðstreymi og afkomu
- Endurfjármögnun í uppnámi – bæði á Íslandi og erlendis
- Félagið gat ekki greitt skuldabréf á gjalddaga í maí 2009

// Aðgerðir

- Viðræður hafnar við kröfuhafa móðurfélagsins um endurfjármögnun
- Ráðist í viðamiklar hagræðingaraðgerðir til að auka hagkvæmni í rekstri og bæta afkomu félagsins
- Endurheimtur á innistæðu í Kaupþingi
- Endurfjármögnun rekstrarfélaga tryggð fram til 2012

FERLI ENDURSKIPULAGNINGAR

Áhersla félagsins á að vernda hagsmuni bæði hluthafa og kröfuhafa



ÁVINNINGUR NAUÐASAMNINGS

// Hluthafar

- Áframhaldandi aðkoma að félaginu og tækifæri til að taka þátt í endurreisn þess. Viðamiklar hagræðingaraðgerðir hafa þegar skilað viðsnúningi í rekstri félagsins og horfur eru góðar.

// Kröfuhafar

- Fá fullt virði krafna sinna – engar afskriftir
- Eignast 26,7% hlut í félaginu

// Félagið

- Framlenging gjalddaga gefur Bakkavör svigrúm til að bæta fjárhagsstöðu sína til að geta greitt niður skuldir
- Efnahagsreikningur styrkist sem er grundvöllur þess að auka arðsemi, greiða skuldir og efla samkeppnisstöðu félagsins

MEGINATRIÐI NAUÐASAMNINGS

Heildarfjárhæð krafna nemur um 63,9 milljörðum króna:

- // 99% af heildarskuldum – gjalddagar framlengdir fram í júní 2014
 - 55% þar af verður breytt í breytanlegt lán
 - Vextir eru þriggja mánaða REIBOR vextir að viðbættu 3% álagi sem síðar hækkar í 4%
 - Veð í tilteknum eignum félagsins
 - Verði lánið ekki greitt á gjalddaga breytist það í hlutafé í A-flokki (núverandi hlutafé). Skiptigengi 1:5
 - 45% þar af verður breytt í hlutafé í C-flokki (forgangshlutafé) sbr. tillögu fundarins um samþykki útgáfu hluta í B- og C-flokki
 - Sömu réttindi og samkvæmt breytanlega láninu
 - Skilgreint sem eigið fé til að styrkja efnahagsreikning félagsins
 - Skiptigengi 1:1
 - Verði C-hlutir ekki innleystir fyrir gjalddaga verður þeim breytt í A-hluti. Skiptigengi 1:3
 - Verði útgáfa C-hluta ekki samþykkt verður þessum 45% einnig breytt í breytanlegt lán með sömu réttindum
- // 1% af heildarskuldum verður breytt í hlutafé (B-hluti) – kröfuhafar félagsins eignast 26,7% hlut í félaginu
 - Atkvæðisréttur takmarkaður við 15%
 - Hlutir í B flokki munu breytast í hluti í A flokki samkvæmt nýjum samþykktum félagsins

MEGINATRIÐI NAUÐASAMNINGS

- // Kröfuhafar félagsins hafa rétt á að skipa tvo af fimm stjórnarmönnum félagsins
- // Ágúst og Lýður Guðmundssynir verða áfram við stjórnvölinn í gegnum B Food Invest
 - Halda 34% atkvæðisrétti en hafa ekki fjárhagslegan ávinning af hlutum
 - Verði skuldir að fullu greiddar þann 30. júní 2014 og C-hlutir innleystir, eiga Ágúst og Lýður Guðmundssynir rétt á að skrá sig fyrir og kaupa á nafnvirði allt að 25% hlut í félaginu í hlutfalli við greiðslu skulda
 - Ef minna en 40% skulda eru greiddar, verður enginn réttur til hlutar í félaginu
 - Ef 40% skulda eru greiddar, geta þeir skráð sig fyrir 3,5% í félaginu
 - Ef 100% skulda eru greiddar, geta þeir skráð sig fyrir 25% í félaginu
- // Þetta er hvati fyrir stjórnendur til þess að endurgreiða skuldir og tryggja góðan rekstrarárangur félagsins
- // Samkvæmt nauðasamningi liggur fyrir að Bakkavör Group hf. verði breytt í einkahlutafélag (ehf.) og afskráð af Nasdaq OMX Iceland

RÖK FYRIR BREYTINGU Í EINKAHLUTAFÉLAG OG AFSKRÁNINGU

Afskráning félagsins af Nasdaq OMX Iceland

- // Stjórn Bakkavarar sendi beiðni til Kauphallar um afskráningu félagsins fyrir
7 mánuðum, eða í ágúst 2009
- // Lítil velta með bréf félagsins – aðeins 78 viðskipti síðan í ágúst 2009
- // Óvissa á hlutabréfamarkaði á Íslandi – aðeins 5 íslensk félög enn skráð

Breyting í einkahlutafélag (ehf)

- // Mikilvægur hluti af nauðasamningi sem félaginu ber að efna samkvæmt lögum – að efna samninginn grundvallaratriði í að tryggja hagsmuni hluthafa og kröfuhafa
 - // Breytingin sparar töluverðan kostnað – gæti hlaupið á fleiri hundruðum milljóna – fjármunir sem félagið á ekki til
- Hluti nauðasamningsins er að félagið skuldbindur sig til að skrá félagið aftur á verðbréfamarkað í nánustu framtíð – tryggir hagsmuni hluthafa enn frekar

ÚTGÁFA A, B OG C FLOKKA

Stjórn félagsins mælir með aðaltillögu 2a – um útgáfu A, B og C flokka

Félagið

- Mikilvægt fyrir félagið að geta skilgreint C-hluti sem eigið fé
 - Styrkir efnahagsreikning félagsins
 - Eflir traust viðskiptavina, birgja og lánveitenda til félagsins
 - Styrkir samkeppnisstöðu félagsins

Hluthafar

- Engin áhrif á hluthafa

DAGSKRÁ HLUTHAFAFUNDAR

1. Kynning á nauðasamningi sem félagið hefur gert við kröfuhafa sína
2. Tillaga um að breyta félaginu í einkahlutafélag og afskrá félagið í kjölfarið af Nasdaq OMX Iceland
3. Tillaga um að taka upp nýjar samþykktir fyrir félagið
4. Tillaga um starfskjarastefnu
5. Önnur mál

BAKKAVÖR